SUÐURLANDSSKÓGAR

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/672
komudagur 29.12.2003

Selfoss 23.desember 2003.

Nefndasvið Alþingis.
Austurstræti 8-10
150 reykjavík

Efni: Umsögn Suðurlandsskóga um frumvarp til laga nr. 106/2000 um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Undirritaður gerir tvær tillögur að breytingum á frumvarpinu.

Fyrri tillagan er um að b.liður 1.gr. "*að draga eins og kostur er úr umhverfisáhrifum framkvæmda*" verði felldur úr frumvarpinu
Greinagerð: Þegar litið er til skógræktar þá er tilgangurinn m.a. að rækta skóg á Íslandi til að hafa jákvæð umhverfisleg áhrif. Ef stunda á skógrækt í landinu verður ekki hjá því komist að framkvæmdin hafi þónokkur umhverfisáhrif, en á jákvæðan hátt.

Seinni tillagan er að í 19 gr. a.lið standi "á 200 ha svæði" í stað "*á 50 ha svæði*".
Greinagerð: Ekki er þörf á að hafa langa greinargerð um þetta ákvæði frumvarpsins þar sem mikil hætta er á að skógrækt muni færast á smáskækla ef greinin verður samþykkt með 50 ha ákvæðinu. Það lofar ekki góðu.

F.h. Suðurlandsskóga

Björn B. Jónsson
framkvæmdastjóri Sls

Austurvegur 1-5 800 Selfoss
Sími: 482 4011 Fax: 482 2995
Netfang: sudskog@selfoss.is